

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestslaut af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Nefndin flutti á síðasta þingi að beiðni ráðherra samhljóða frv., og var það afgreitt úr deildinni, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu í neðri deild. Fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir því, að í veikindaforföllum embættismanns skuli embættinu séð fyrir þjónustu á kostnað ríkisins allt að eitt ár.

Að því er prestastéttina snertir var mikil þörf slíkra ákvæða. Síðan núverandi biskup tók við embætti snemma á fyrra ári hefur orðið að ráða presta til að þjóna í veikindaforföllum í Vestmannaeyjum, Bjarnanesi og á Akureyri. Varð um tíma að ráða þrjá presta samtímis til þjónustunnar.

Nú er það svo, að á þessum ráðningum eru sérstök vandkvæði að því er prestastéttina snertir.

1. Eigi er unnt að senda til slíkrar þjónustu nema prestvígða menn, þar sem vigslan er skilyrði fyrir því, að fremja megi fullkomna messugerð, útdeila sakramentum o. s. frv. Úr hópi vígðra manna er vart að velja um aðra en aldraða presta, sem látið hafa af embætti. Er þá ýmist, að þeir treysta sér ekki til að fara til prestsþjónustu um stuttan tíma í fjarlægð prestakall eða þeir hafa að sér tekið einhver þau störf, er þeir eigi vilja hætta við. Hafa því reynzt mikil vandkvæði á að fá slíka presta til þjónustu.
2. Ekki þykir viðkunnalegt að vígja unga kandidata til aðeins eins til tveggja mánaða bráðabirgðþjónustu, enda ekki ætlazt til þess hér á landi, að kandidatar séu vígðir nema til varanlegrar þjónustu í þágu kirkjunnar.
3. Enda þótt horfið yrði að því að vígja kandidata til stuttrar þjónustu, sem eigi er talið æskilegt, og þótt stöku sinnum mætti takast að fá unga, embættislausu presta til að taka við bráðabirgðþjónustu, þá fylgja slíku þeir annmarkar, að það mælist eðlilega illa fyrir meðal prestanna, ef maður er settur til þjónustu í gott brauð og honum þannig fengin í hendur aðstaða til þess að afla sér fylgis í prestakallinu og standa betur að vígi en aðrir í prestskosningu, ef brauðið losnaði.

Af þessum ástæðum, sem nú er getið, er talið eðlilegast og heppilegast, að ráðinn verði til ákveðins tíma í senn, t. d. 3 ára, sérstakur prestur til þess að gegna prestsstörfum um stundarsakir hvarvetna þar, sem biskup vísar honum til og þörf er á vegna veikinda eða fjarveru sóknarpresta. Kynni svo að fara, sem reynsla bendir þó ekki til, að einhvern tíma yrði ekki bein þörf fyrir starf prestsins í forföllum þjónandi presta, þá er ærið starf annað, bæði þjónusta prestslausra prestakalla skólaheimsóknir o. fl. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að nefnd sú, er undirbjó frumvarp um skipun prestakalla árið 1951, lagði til, að stofnuð yrðu tvö slík aðstoðarprestsembætti. Sýnir það, að nefndin að athuguðu máli taldi þarna vera fulla þörf fyrir hendi. Hafa þó síðan verið sett áður nefnd lög um skyldur og réttindi embættismanna, sem gera þörf þessa enn brýnni en áður.

Ætlazt er til, að presturinn hafi sömu laun og sóknarprestur, en ríkið greiði ferðakostnað hans og húsaleigu þar, sem hann er settur til þjónustu, samkvæmt reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Að lokum skal þess getið, að á tímabilinu frá 1. apríl til 31. október síðastl. hafa sérstaklega ráðnir prestar gegnt aukþjónustu í prestaköllum í samtals 13 mánuði.

Samkvæmt reynslu má því gera ráð fyrir samþykkt frumvarps þessa.“